2. útgáfa 03.10.2019

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **N1 Special System Grease**

Vörunúmer: **0094 0018050**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Smurfeiti.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Axel Christiernsson AB
Strandvägen 10
SE-449 41 Nol, Svíþjóð
00-46-303-332500
info@axelch.com
www.axelch.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjáviðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur Sínksölt naftensýru, basísk

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Dílitíum azelat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2120119814-57	**Innihald %**	**< 2,5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	254-184-4	**H-setningar**	-
CAS	38900-29-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit. 4 - **H302**			

Sínksölt naftensýru, basísk			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119988500-34	**Innihald %**	**< 2,5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	282-762-6	**H-setningar**	-
CAS	84418-50-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - **H317**, Augnert.2 - **H319**, Langv.eit.á vatn - **H412**			

Kalsíum bis[(Z)-N-metýl-N-(1-oxó-9-oktadekenýl)amínóasetat]			
Skráningarnúmer ECHA	01-2120773939-31	**Innihald %**	**< 1,2**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	240-166-3	**H-setningar**	-
CAS	16026-16-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðert.2 - **H315,** Augnert.2- **H319**, Langv.eit.á vatn 3 - **H412**			

Annað: Þessi vara er litíumfeiti, byggð á jarðolíum ásamt aukefnum. Jarðolíurnar innihalda <3% DMSO-úrdrag, mælt skv. IP-346.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almenn viðbrögð: Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í nokkra stund og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.

Inntaka Framkallið ekki uppköst. EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Engin þekkt.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim. Myndar kolefnisoxíð, eitraðar og ertandi gufur við bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Rýmið mengað svæði, notið persónuhlífar. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu, sé það unnt án áhættu.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í vel merkt og lukt ílát og fargið skv. 13. lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 12. um visteiturhrif.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Notið persónuhlífar. Varan getur myndað hálkubletti.
Forðist langvinna eða endurtekna snertingu við húð.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og
þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri eld- og neistagjöfum, beinu sólarljósi og háu hitastigi (<45°).

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar Forðist snertingu við augu.

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi. (EN374, EN347, >=0,38 mm, gegnstreymistími >480 mín). Nota má hanska með 0,1 mm þykkt sem slettuvörn.
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur, fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk, eða sé hætta á úðamyndun.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Feiti	
Litur:	Svartur	
Blossamark:	>150°C	(byggt á grunnolíum)
Eðlismassi við 25°C:	<1,000	g/cm^3
Vatnsleysni:	Óleysanlegt	

9.2 Annað

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ekki eldfim. Myndar kolefnisoxíð, eitraðar og ertandi gufur við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

N1 Special System Grease					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	3958	mg/kg		reiknuð stærð
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	3189	mg/kg		reiknuð stærð

Dílitíum azelat					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>300	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	

Sínksölt naftensýru, basísk					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	

Bráð eiturhrif:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Húðæting/erting:	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
Alvarlegur augnskaði:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Næming:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Stökkbreyting kímfruma:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Krabbamein:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Eitrun æxlunarfæra:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Áhrif á marklíffæri (eitt skipti):	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
(endurtekin):	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.
Ásvelgingarhætta:	Skaðlaust miðað við fyrirliggjandi gögn.

Innöndun:	Innöndun olíuúða getur valdið ertingu, höfuðverk, ógleði og öndunarerfiðleikum.
Snerting við húð:	Langvinn snerting getur valdið roða og ertingu.
Snerting við augu:	Ekki er gert ráð fyrir augnertingu.
Inntaka:	Getur valdið innvortis óþægindum.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Ekki talið skaðlegt umhverfinu. Einstaka mikil losun eða tíðar smærri losanir geta þó haft skaðleg eða truflandi áhrif.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Brotnar treglega niður í umhverfinu.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Safnast ekki upp.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Ísogast í jarðveg. Óleysanlegt í vatni.

12.5 PBT/vPvB: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
13 08 99 (úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:
Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 2/03.10.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***AXEL CHRISTIERNSSON AB***
Safety data sheet according to Regulation (EU) No. 2015/830 (REACH)
ALCASSA 160 G9
Útgáfa: *12.09.2019 Útgáfa 3*